

DAGSKRÁ OG TILLÖGUR

Hluthafafundur Marel hf. þann 13. janúar 2025

Dagskrá:

1. Fundarsetning. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
3. Kosning stjórnar
4. Önnur mál löglega upp borin og fundarslit

Tillögur stjórnar

Skýringar við atkvæðagreiðslur á dagskrá.

Dagskrárlíður 2

Stjórn félagsins leggur til að hluthafafundur samþykki eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

- 2.1 Grein 2.1.** Tillaga um breytingu á grein 2.1 með því að fjarlægja eftirfarandi tilvísun í sérákvæði um hækkun hlutafjár:
- „(Sérákvæði um hlutafjárhækkanir er að finna í grein 15).“
- 2.2 Grein 4.13.** Tillaga um að fella niður tilvísanir í boðun aðalfunda skv. greinum 4.16 og 4.17 þar sem tilvísanirnar eru óþarfari. Í samræmi við það yrði grein 4.13 breytt og yrði svohljóðandi:
- „Aðalfund skal halda innan átta mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert.“
- 2.3 Grein 4.16.** Tillaga um breytingu á grein 4.16 þannig að hægt sé að boða til fundar innan 14 daga, í samræmi við lög, í stað 21 dags. Auk þess er lagt til að sleppa tilvísun í lög um hlutafélög. Þar af leiðandi myndi ákvæðið hljóða svo:
- „Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan.“
- 2.4 Grein 4.18.** Tillaga um breytingu á grein 4.18 með því að fella niður tilvísun í notkun áreiðanlegra miðla til að tryggja virka dreifingu til almennings, þar sem það mun ekki lengur eiga við eftir afskráningu félagsins úr kauphöll. Ákvæðið myndi hljóða svo:
- „Hluthafafundir skulu boðaðir með rafrænum hætti til að tryggja skjótan aðgang að upplýsingunum á jafnréttisgrundvelli.“

- 2.5 Grein 4.19.** Tillaga um breytingu á grein 4.19 þannig að kveðið verði á um að boða megi hluthafafundi með tveggja vikna fyrirvara og felld niður tilvísun til laga um hlutafélög. Ákvæðið myndi hljóða svo:
- „Hluthafafundir skulu boðaðir með skemmt tveggja vikna fyrirvara.“
- 2.6 Grein 4.20.** Tillaga um breytingu á grein 4.20 með því að einfalda það og færa til samræmis við lög og án þess að fyrirhuguð dagskrá þurfi að uppfylla sérstakar aðrar kröfur. Ákvæðið myndi hljóða svo:
- „Í fundarboði skal að minnsta kosti greina frá drögum að dagskrá.“
- 2.7 Grein 4.22.** Tillaga um breytingu á grein 4.22 með því að fella brott orðalag um kröfur samkvæmt lögum sem á betur við um fyrirtæki með stóran hluthafahóp. Ákvæðið myndi hljóða svo:
- „Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.“
- 2.8 Grein 5.1.** Tillaga um breytingu á grein 5.1 þannig að aðeins fjórir sitji í stjórn félagsins:
- „Aðalfundur félagsins kýs árlega fjóra (4) menn í stjórn félagsins. Um hæfi þeirra fer að lögum.“
- 2.9 Grein 5.2.** Tillaga um breytingu á grein 5.2 til að einfalda orðalag um kynjahlutföll, þar sem hluthöfum mun fækka verulega:
- „Við stjórnarkjör skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna, ef við á.“
- 2.10 Grein 5.5.** Tillaga um breytingu á grein 5.5 til að stytta frest einstaklinga til að lýsa framboði til stjórnar úr 10 dögum í 2:
- „Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir hluthafafund.“
- 2.11 Grein 6.3.** Tillaga um að fella niður grein 6.3 þar sem stærsti hluthafi félagsins hyggst hefja innlausn á hlutum minnihluta eigenda. Grein 6.4 verður grein 6.3.
- 2.12 Grein 8.2.** Tillaga um breytingu á grein 8.2 til að skýra orðalag um atkvæði stjórnarformanns:
- „Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, falli atkvæði jöfn þá skal atkvæði stjórnarformanns ráða úrslitum.“
- 2.13 Grein 8.8.** Tillaga um að fella niður grein 8.8 og fyrirsögnina „Stjórnarnefndir“ sem undirnefndir fyrir stjórn félagsins verður ekki skipuð þegar félagið hefur verið afskráð af skipulegum mörkuðum.
- 2.14 Grein 15.** Tillaga um að fella niður í heild sinni grein 15 þar sem ekki þarf að hafa sérstök ákvæði um hlutafjáraukningu með færri hluthöfum. Grein 16 verður grein 15.

Dagskráriður 3

Kosning stjórnar félagsins

Framboðsfrestur til stjórnar Marel rann út kl. 16:00 þann 30. desember 2024.

Stjórn Marel leggur til að eftirfarandi aðilar verði kosnir í stjórn Marel:

- 3.1 Brian A. Deck**
- 3.2 Elizabeth Cunningham**
- 3.3 Árni Sigurjónsson**
- 3.4 Halla Björgvinsdóttir**